

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 322/1991.

Flugfélagið Óðinn hf.

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

Danish Aircraft Owners A/S

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og gagnsök

Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1991 og framhaldsstefnu 5. september sama ár. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi skaut máli þessu til Hæstaréttar með gagnstefnu 29. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, þó þannig, að dregnar verði frá dómkröfunni 350.000 krónur íslenskar, sem lögmaður aðaláfrýjanda hafi greitt inn á kröfuna 15. apríl 1992.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal stofnsamningur Flugfélagsins Óðins hf. eða Odin Air Ltd. í erlendum samskiptum, frá 17. ágúst 1989 og tilkynning til Hlutafélagaskrár frá 27. sama mánaðar, enn fremur vottorð sýslumannsins í Reykjavík um, að einkafirma með sama nafni hafi ekki verið skráð í firmaskrá. Þá hafa verið lögð fram bréf, sem sýna, að eftir stofnun hlutafélagsins var notað bréfsefni með nafninu Odin Air, Helgi Jónsson, meðal annars í samskiptum við gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem er erlendur aðili, höfðaði mál þetta í héraði til innheimtu tveggja vörureikninga, annars frá 22. ágúst 1989 og hins 12. desember 1989, auk vaxta af þessum og fyrri viðskiptum. Reikningarnir eru stílaðir á Odin Air, Helgi Jónsson. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að aðaláfrýjandi sé kaupandi varanna og hann hafi jafnframt keypt vörur af honum í september 1989, en þær hafi

hann greitt 15. maí 1990. Af hálfu aðaláfrýjanda er á því byggt, að Flugfélagið Óðinn hf., sem í erlendum samskiptum er nefnt Odin Air Ltd., hafi ekki hafið starfsemi sína á þeim tíma, sem vörurnar voru keyptar, og geti því ekki verið aðili máls þessa. Er þetta eina málsástæða hans. Henni er hafnað af gagnáfrýjanda og því haldið fram, að hlutafélagið hafi verið stofnað, þegar vörurnar voru keyptar, og að einkafirma með sama nafni hafi ekki verið skráð.

Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing í héraði. Var honum þó réttilega stefnt og málið því dæmt samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt 118. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Í héraðsdómi er frá því skýrt, að gagnáfrýjandi sendi aðaláfrýjanda yfirlit um skuldir hans 8. maí 1990, án þess að athugasemdir væru við það gerðar. Málið verður dæmt með hliðsjón af 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 38/1994, sbr. áður 45. gr. laga nr. 73/1975 um Hæstarétt Íslands.

Viðskiptin, sem er fjallað um í málinu, voru gerð í nafni Odin Air, Helgi Jónsson. Ómótmælt er, að Flugfélagið Óðinn hf. tók yfir starfsemina, sem rekin var í því nafni, og notaði áfram nafnið Odin Air í erlendum samskiptum sínum, þar á meðal við gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjandi hefur ekki neitað þessum skuldbindingum fyrr en hér fyrir dómi. Dómkröfum gagnáfrýjanda er ekki mótmælt tölulega. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiðir af kröfugerð gagnáfrýjanda.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Flugfélagið Óðinn hf., greiði gagnáfrýjanda, Danish Aircraft Owners A/S, 171.489,06 danskar krónur með 18% ársvöxtum af 139.343,14 dönskum krónum frá 17. maí 1990 til 1. ágúst sama ár, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 17,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 25. janúar 1991, en með dráttarvöxtum af peningakröfum í dönskum krónum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma skv. 11. gr.

vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. maí 1991, allt að frádregnum 350.000 íslenskum krónum, sem greiddar voru inn á kröfuna 15. apríl 1992.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. maí 1991, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 25. janúar sama ár, af Danish Aircraft Owners, Hangervej 1, Roskilde Lufthavn, DK-4000, Roskilde, Danmörku, gegn Helga Jónssyni, kt. 110238-2239, Bauganesi 44, Reykjavík, f. h. Flugfélagsins Óðins hf., kt. 700889-1309, Reykjavíkurflugvelli, en stefnandi kveður hann stjórnarformann þess hlutafélags.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 171.489,06 danskar krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Mál þetta var þingfest sem áskorunarmál á reglulegu bæjarþingi 29. janúar 1991. Málið var tekið til áritunar þann dag. Á reglulegu bæjarþingi 21. maí sl. var málið endurupptekið að beiðni stefnanda. Þann dag lagði stefnandi fram sókn, þar sem hann lækkaði stefnukröfur sínar, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda eins og að framan greinir. Málið var dómtekið sama dag.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður kröfu sína mega rekja til kaupa stefnda á varahlutum í flugvél árið 1989. Stefnandi kveðst hafa sent stefnda yfirlit yfir útistandandi skuldir, dags. 8. maí 1990, þ. e. skv. reikningi nr. 102460, að fjárhæð 75.060,78 danskar krónur, reikningi nr. 102528, að fjárhæð 44.562,35 danskar krónur, reikningi nr. 102733, að fjárhæð 64.282,36 danskar krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt 44.562,36 danskar krónur 15. maí 1990, og kveður hann því krafist vaxta af 139.434,13 dönskum krónum, eins og að ofan greini. Auk þessa höfuðstóls sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfallna vexti skv. vaxtanótum fyrir gjaldföllnum vöxtum af eldri skuldum, samtals að fjárhæð 32.145,92 danskar krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið innheimtubríf frá dönskum lögmanni, dags. 17. maí 1990, og kveður hann krafist dráttarvaxta frá þeim tíma.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir ítrekuð

greiðslutilmæli, og sé ekki annað vitað en stefndi hafi mótttekið vörurnar í umsömdu ástandi, enda hafi hann ekki gert neinar athugasemdir vegna þeirra. Kveður hann málsókn þessa því óumflýjanlega.

Lagarök.

Stefnandi kveður viðskiptin stafa af lausafjárkaupum, og kveðst hann hafa staðið við skuldbindingar af sinni hálfu, enda hafi hann afhent vöruna. Er sérstaklega vísað til 28. gr. laga nr. 39/1922. Vaxtakröfuna kveður hann byggjast á 11. gr. laga nr. 25/1987, en vaxtavaxtakröfuna á 12. gr. sömu laga. Þá kveður hann málskostnaðarkröfuna byggða á XII. kafla laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við endanlegar dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að viðurkenndur er réttur stefnanda til að leggja dráttarvexti við höfuðstól kröfunnar, í fyrsta skipti 17. maí 1991, en ekki 12. maí 1991, eins og í stefnu greinir.

Málskostnaður ákveðst 143.800 kr.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugfélagið Óðinn hf., greiði stefnanda, Danish Aircraft Owners, 171.489,06 danskar krónur með 18% dráttarvöxtum á ári af 139.343,14 dönskum krónum frá 17. maí 1990 til 1. ágúst 1990, með 17% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til 1. október 1990, með 17,1% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til 1. desember 1990, með 17% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til stefnubirtingardags, en frá þ. d. til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum af peningakröfum í dönskum krónum, sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni skv. 11. gr. laga nr. 25/1987. Stefndi greiði stefnanda 143.800 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags. Viðurkenndur er réttur stefnanda til að leggja dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.